

# Hvítbók ESB um framtíð samgangna



**Morgunverðarfundur SA um  
samgöngumál, 30. 08.11 kl. 09.00  
Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur  
innanríkisráðuneytinu**

## Hvað er „hvítbók ESB”?

- Hvítbækur (white paper) ESB hafa að geyma tillögur að löggjöf á afmörkuðu sviði og kalla eftir umsögnum hagsmunaaðila og stjórnvalda á efni þeirra. Iðulega eru þær samdar í kjölfar „grænbóka” (green paper) sem fjalla almennt um afmarkað efni.
- Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins þýðir hugtakið „white paper” sem „hvítbók um evrópska stjórnunarhætti”. Slóð: [www.hugtakasafn.utn.stjr.is/](http://www.hugtakasafn.utn.stjr.is/)



# Hvítbókin um framtíð samgangna á EES svæðinu

- Samþykkt í mars 2011. Breið samstaða um innihald hennar, þó nokkrar áherslumunur sé milli aðildarríkja.
- Efni hvítbókarinnar leggur grunn að löggjöf á sviði samgangna innan EES svæðisins á komandi árum.
- Helstu stefnumálin eru í 10 liðum, en auk þess eru viðauka við hvítbókin listuð upp 40 verkefni sem ætlað er að að hrinda í framkvæmd á næstu 10 árum til að langtíamarkmiðum hvítbókarinnar verði náð.
- Gagnrýnt hefur verið að ekki hafi verið sett fram mælanleg viðmið fram til ársins 2050.



# Helstu stefnumið hvítbókarinnar (1-3)

1. Helmingsfækkun ökutækja sem nota hefðbundna orkugjafa til ársins 2030; útrýma þeim úr borgarsamfélögum fyrir árið 2050; ökutæki í farmflutningum sem gefa frá sér koltvísýring verði bönnuð innan stærri borgarkjarna fyrir árið 2030.
2. Notkun endurnýjanlegs flugvélaeldsneytis nemi allt að 40% fyrir 2050; ennfremur að CO<sub>2</sub> útblástur frá skipum minnki um um allt að 40% á sama tímabili (mögulega 50%).
3. Stefnt skal að því að amk. 30% af flutningum á farmi á leiðum lengri en 300 km verði með járnbrautum eða sjóleiðis fyrir árið 2030 og meira en 50% af slíkum flutningum fyrir árið 2050, komið verði á „grænum” flutningastofnleiðum og stuðlað að eflingu á innviðum flutninga til að ná þessum markmiðum.



## Helstu stefnumið (4-6)

4. Evrópska háhraðajárnbrautarkerfið verði fullgert fyrir árið 2050. Lengd núverandi kerfis verði þrefaldað fyrir árið 2030. Stefnt er að því að árið 2050 fari meginhluti farþegaflutninga á meðallöngum leiðum fram með járnbrautum.
5. Komið verði á fjölpættu flutningakerfi (multimodal) á svæðinu á grundvelli grunnnetsins (core network) fyrir árið 2030, hágæða og afkastamiklu flutningskerfi verði síðan komið á fyrir árið 2050 og fullkomin upplýsingakerfi verði til staðar fyrir sama tíma.
6. Árið 2050 verði allir grunnnets („core network”) flugvellir tengdir við háhraðajárnbrautarkerfið, tryggt verði að hafnir innan grunnnetsins verði tengdar við járnbrautaflutningakerfið og þar sem mögulegt reynist, við kerfi skipgengra vatnaleiða.



## Helstu stefnumið (7-9)

7. Nýju flugleiðsögukerfi (SESAR) verði komið á innan Evrópu fyrir 2020 og einnig sameiginlegu evrópsku flugsvæði. Jafnframt verði samsvarandi leiðsögukerfi komið á fyrir samgöngur á landi og sjó og jafnframt verði unnið að frekari þróun á evrópska gerivihnattaleiðsögukerfinu, Galileó.
8. Komið verði á fót upplýsingakerfi fyrir fjölþætta flutninga, stjórnun þeirra og greiðslukerfi.
9. Stefnt verði að því að nálgast það mark fyrir árið 2050 að engin banaslys verði í umferð á vegum innan sambandsins. Í samræmi við þetta markmið stefnir ESB að helmingsfækkun umferðarslysa fyrir árið 2020. Aðildarlönd ESB verði í forystu á heimsvísu í auknu öryggi og vernd á öllum sviðum samgangna.



## Helstu stefnumið (10)

- Stefnt er að því að markmiði að sá sem notar samgöngukerfið greiði fyrir það (“user pays”) og að sá sem veldur mengun í kerfinu greiði einnig fyrir það (“polluter pays). Ennfremur verði leitað eftir samstarfi við einkageirann um að ryðja úr vegi misvægi í samgöngumálum, svo sem með skaðlegum niðurgreiðslum og með því að tryggja hagstæð rekstrarskilyrði og fjármögnun til fjárfestinga á sviði samgangna til framtíðar.



# Drög að umsögn EFTA

- EES – EFTA þjóðirnar munu skila sameiginlegri umsögn um hvítbók ESB um framtíð samgangna föstud. 2. sept. nk.
- Í drögum að umsögn er almennt tekið vel í efni hvítbókarinnar.
- Helstu atriði sem þurfa athugunar við:
- Sérstaða Íslands, langt frá umferðaræðum meginlandsins.
- User pays, polluter pays lögmálið þarf að skoða vandlega vegna mikilla vegalengda og fámennis hér á landi.
- Það markmið hvítbókarinnar að flutningar á landi á vegalengdum yfir 300 km verði fluttar yfir í járnbrautir eða skipgengar vatnaleiðir er varla raunhæft hér á landi.
- Aðgengnismál. Skoða þarf vel hvernig tillögum um þau mál verði háttað.
- Það er höfuðnauðsyn að kerfið sé sveigjanlegt þannig að löggjöf virki ekki hamlandi á flutningageirann.




# TEN-T áætlunin

- Endurskoðuð ákvörðun um TEN-T áætlunina nr. 661/2010 kom nýlega inn í EES samninginn en á grundvelli hennar þarf að uppfæra kort sem fylgdu fyrri áætlun.

Með TEN-T áætluninni er stefnt að því að tengja innviði samgangna (vegi, járnbrautir, skipgengar vatnaleiðir, hraðbrautir hafsins motorways of the seas, hafnir á sjó og skipgengum vatnaleiðum og flugvelli) við umferðarstjórnunarkerfi og staðsetningar- og leiðsögukerfi (3. gr. ákvörðunarinnar) í samræmi við kort í viðauka I við ákvörðun 61/2010 [http://tentea.ec.europa.eu/en/apply\\_for\\_funding/follow\\_the\\_funding\\_process/follow\\_the\\_funding\\_process.htm](http://tentea.ec.europa.eu/en/apply_for_funding/follow_the_funding_process/follow_the_funding_process.htm).



# TEN-T Ísland



# Í lokin

- Í hvítbókinni koma fram metnaðarfull markmið í samgöngum framtíðarinnar allt til ársins 2050 á EES svæðinu. Gert er ráð fyrir að hún verði samþykkt af þinginu og ráðherraráðinu fyrir lok árs.
- Mikilvægt að hafa í huga að 10 milljónir íbúa á EES svæðinu vinna við samgöngur, 5% af landsframléiðslunni á svæðinu kemur frá samgöngum.
- „Review of the internal market in road freight transport”, „farmflutningar á vegum innan ESB”, samráð við almenning og spurningalisti, sjá vefslóð:  
[http://ec.europa.eu/transport/road/consultations/2011-10-31-road-freight\\_en.htm](http://ec.europa.eu/transport/road/consultations/2011-10-31-road-freight_en.htm) Frestur til 31. okt. nk. til að svara.

